

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi 1. áfanga Naustahverfis, Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 17. febrúar 2004 í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á deiliskipulagi í Naustahverfi. Breytingin felst í breyttum húsagerðum við Hólatún og Klettatún: Tveggja hæða raðhús F2 breytist í tveggja hæða raðhús G2, byggingarreitur einbýlishúss af K1-gerð er lengdur til vesturs, bindandi byggingarlínur fyrir K3 einbýlishús eru felldar út og í stað tvíbýlishúsa af H-gerð við Klettatún komi einbýlishús K4.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Akureyri, 3. maí 2004.

F.h. Akureyrarbæjar,

Bjarni Reykjalin, skipulags- og byggingarfulltrúi.